

Próunarsjóður grunnskóla í Garðabæ
Lokaskýrsla verkefnis 2021-2022
Áfram Strákar – Jákvæð strákamenning

Ábyrgðarskóli verkefnis: Flataskóli

Samstarfsskólar: *Hofsstaðaskóli*

Verkefnisstjórar/pátttakendur: **Andri Marteinnsson** umsjónarkennari í Flataskóla
og Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngra stigs í Hofsstaðaskóla

Ártal úthlutunar mars 2021

Skólaár / tímabil 2021-2022

Skólastig: Yngsta- og miðstig grunnskóla

Áhersluþættir

- Fagmennska kennara Forvarnir Heilbrigði og velferð Jafnrétti
 Líðan Lýðræði og mannréttindi Læsi Mat á skólastarfi Samskipti og félagsfærni
 Sjálfbærni Skóli margbreytileikans Sköpun

Námsgrein

- Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál Íþróttir og hreyfing List- og verkgreinar Náttúrugreinar
 Sambætting námsgreina Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði
 Stærðfræði Upplýsinga- og tæknimennt

Markmið

Verkefninu er ætlað að efla samskiptahæfni stráka, að auka samkennd og samstöðu á meðal þeirra .

- Að útbúa kennsluáætlun þar sem unnið er með ákveðin viðfangsefni í samfélagsgreinum (lífsleikni).
- Vinna hugmyndir að kennslustundum og koma með tillögur að kennsluefni t.d. verkefnum og leikjum.

- Gera samantekt á því kennsluefni og hugmyndum sem er hægt er að nota í vinnu tengdu námsefninu.

Lýsing á framgangi verkefnisins

Útbúin var kennsluáætlun sem skipt var upp í sex lotur þar sem eftirfarandi viðfangsefni eru tekin fyrir:

- Styrkleikar
- Fjölbreytileiki
- Samskipti
- Markmið
- Áskoranir
- Leiðtogahæfni

Fyrir hvert viðfangsefni eru hugmyndir að kennslustundum, verkefnum og leikjum. Í upphafi skólaárs fór hugmyndavinna af stað varðandi verkefnið, hvað þyrfti og ætti að leggja áherslu á, hvað myndi gagnast nemendum best, hvernig fyrirkomulagið á kennslustundum ætti að vera og afrakstur nemenda. Lögð var áhersla á að hafa verkefnið, sem ætlað er fyrir stráka, hnitmiðað og sem áhugaverðast. Þegar drög að kennslustundunum voru tilbúin voru þær prufukeyrðar fyrir strákahópa í 4. og 5. bekk í Hofstaðaskóla og Flataskóla. Í lok kennslustunda áttu kennarar samtál við nemendur og fengu þannig endurgjöf á verkefnin sem voru unnin. Í Flataskóla tók námsráðgjafinn þátt í kennslustundunum ásamt kennara.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Upphaflega var gert ráð fyrir 60 mínútna kennslustundum en 40 mínútur reyndust heppileg tímalengd. Það var ekki lögð rafræn könnun fyrir nemendur í lok verkefnis þar sem samtöl við þá í lok hvernar kennslustundar þóttu heppilegri til að fá endurgjöf á efnið.

Mat á verkefninu

Hugmyndavinnan tók mun meiri tíma en áætlað var en hún var skemmtileg og gefandi. Það þyrfti að ígrunda og velta fyrir sér mörgum þáttum, lesa og skoða efni í bókum og á veraldarvefnum. Verkefnastjórum fannst gaman að forprófa kennslustundirnar og sjá verkefnið þannig verða að veruleika. Núna er til áætlun sem hægt er að vinna með í forvarnarstarfi í samskiptum meðal stráka á aldrinum 9

– 12 ára. Verkefnið skilar sér vonandi í jákvæðri samskiptamenningu meðal stráka í Garðabæ. Það er mikilvægt að vinna skipulega með íþróttafélaginu í bænum, ef neikvæð samskiptamenning hefur myndast þar hefur hún oftast líka áhrif inn í skólalífið. Í Garðabæ eru margir grunnskólanemendur iðkendur í Stjörnunni. Það var haft samband við félagið og knattspyrnuþjálfari í 5. flokki kom í Flataskóla og vann með kennaranum í tengslum við viðfangsefnið leiðtogahæfni. Sú kennslulota heppnaðist mjög vel og sýndi fram á mikilvægi þess skóli og íþróttafélag vinni saman.

Kennarar, starfsfólk og foreldrar geta skoðað og metið hvort þeim finnst vera sýnilegur munur á því hvort að nemendum líði vel í skólanum og hvort þeir nái að nýta sér það sem þeim hefur verið kennt. Einnig er hægt að skoða hvort skólabragur hafi breyst og nemendur séu færari í samskiptum.

Lokaorð

Það er mikilvægt að hlúa vel að strákunum okkar og vonandi verður þessu verkefni vel tekið af kennurum, námsráðgjöfum og áhugasömum starfsmönnum í skólum Garðabæjar. Verkefnið verður unnið með strákum í 4.- 7. bekk bæði í Flata- og Hofsstaðaskóla á næsta skólaári (2022-2023).

Eftir N1 mót KA á Akureyri sem haldið var í sumar hafa skapast miklar umræður um framkomu og samskipti strákanna sem voru þátttakendur auk sumra foreldra sem þar voru sem áhorfendur. Í tengslum við umræðuna um hegðun foreldra á N1 mótinu var verkefnisstjórum hugsað til þess hve mikil nauðsyn sé á að keyra svona verkefni fyrir stráka og reyna jafnframt að fá foreldra þeirra til að taka þátt.

Hugmyndin er að nota Bookcreator við kennsluna næsta vetur þar sem allt efnið verður aðgengilegt og að „létt“ heimavinna verði hluti af verkefninu. Foreldrar strákanna verða upplýstir um hvað standi til og jafnframt hvattir til að fylgjast með vinnu sinna barna og taka þátt í heimavinnunni. Með því móti er vonast til að efnið skili sér enn betur þar sem hægt að leita í rafrænu vinnubókina seinna meir og rifja upp efnið.

Kynningar á verkefninu

Verkefnið verður kynnt á meðal kennara og starfsmanna í skólum Garðabæjar. Einnig er fyrirhugað að skrifa frétt og birta á heimasíðu Flataskóla, Hofsstaðaskóla og í Garðapóstinum á næsta skólaári þegar búið er að vinna verkefnið með nokkrum strákahópum. Verkefnið verður sent á alla skólana í Garðabæ.

Heildarupphæð styrks:

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
13.8. 2022	Laun	645.000,-

Garðabæ 13. ágúst 2022,

Andri Marteinson og Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Garðabæ 13. ágúst 2022,

Ágúst Frímann Jakobsson skólastjóri Flataskóla